

- * Dráttarvextir
- * Húsbifreið

Úrskurður 2/2008

Kærð er endurálagning aðflutningsgjalda og greiðsla á dráttavöxtum, vegna innflutnings á húsbifreið vegna úrskurðar tollstjóra nr. 50/2007. Tollstjóri krefst þess að úrskurðurinn verði staðfestur. Ríkistollanefnd felldi úrskurðinn úr gildi.

Með bréfi, dags. 8. janúar 2008, sem barst til nefndarinnar 9. s.m. kærir R. úrskurð tollstjóra nr. 50/2007. Í nefndum úrskurði endurávarðar tollstjóri aðflutningsgjöld vegna innflutnings á húsbíl frá Þýskalandi í sendingu nr. S HEG 20 05 3 NL RTM W043. Bifreiðin var tollafgreidd á nafni kæranda. Kærandi heldur því fram að sá sem hann keypti bifreiðina af hafi gengið frá öllum pappírur varðandi innflutning hennar og að hann hafi þar hvergi komið nærri. Hann krefst þess að úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi og að honum verði endurgreidd endurákvörðuð aðflutningsgjöld. Til vara er þess krafist að dráttarvextir verði felldir niður.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að málið hafi komið frá rannsóknardeild embættisins til endurskoðunardeildar og henni hafi verið falið að taka afstöðu til þess hvort ástæða væri til endurákvörðunar á aðflutningsgjöldum vegna innflutnings á húsbifreið sem flutt var inn í sendingu S HEG 20 05 3 NL RTM W043 og tollafgreidd þann 28. maí 2003. Innflytjandi er R. Bifreiðin var flutt inn frá Þýskalandi, fyrir milligöngu Ó, sem búsettur er í Lúxemborg. Umrædd bifreið var keypt af Steffen Wachter, Darmstadt, Þýskalandi. Samkvæmt aðflutningsskýrslu var fob-verð bifreiðarinnar 5.150 evrur.

Tollstjóri leitaði upplýsinga hjá KB banka hf. varðandi gjaldeyriskaup R. á árinu 2003. Þar kemur fram að þann 29. apríl 2003 keypti R. 7.150 evrur hjá bankanum, útibúi 0309 í Stykkishólmi, og sendi Ó. í Lúxemborg þá upphæð fyrir milligöngu bankans. Í framhaldinu fór rannsóknardeildin fram á það við sýslumanninn í Stykkishólmi, að hann yfirheyrði R. varðandi umræddan innflutning á bifreiðinni. Í skýrslutökunni kom m.a. fram að ákveðið hafi verið að R. greiddi Ó. 14.150 evrur og inni í því væri allur kostnaður vegna tollafgreiðslunnar. Í skýrslutökunni framvísaði R. tölvupósti frá Ó. vegna þessa, sem dagsettur er 27. apríl 2003, þessu til staðfestingar. Auk þeirra 14.150 evra sem R. greiddi, voru lagðar kr. 150.000 íkr inn á bankareikning eiginkonu Ó., M.

Þá segir í hinum kærða úrskurði að með bréfi dags. 19. apríl 2006, hafi rannsóknardeild embættisins farið þess á leit við þýsk tollyfirvöld að þau yfirheyrðu Steffen Wachter, seljanda bifreiðarinnar, sérstaklega með það fyrir augum að fá upplýsingar um raunverulegt söluverð hennar. Í svari þýskra tollyfirvalda kemur fram að við yfirheyrslu yfir nefndum Steffen Wachter að hann minnti að bifreiðin hafi verið seld fyrir 11.600 evrur. Gögn vegna viðskiptanna væru hins vegar ekki lengur fyrir hendi hjá honum. Tollstjóri aflaði sér afrits af skattframtali innflytjanda, þ.e. eigna og skuldasiðu framtalsins og forsíðu. Samkvæmt þeim gögnum er kaupverð bílsins talið vera 2.100.000 íkr. Í skýrslutöku hjá sýslumanninum í Stykkishólmi kom fram hjá innflytjanda að þessi upphæð sem er að finna á skattskýrslunni sé sú fjárhæð sem hann hafi í raun borgað fyrir húsbílinn, með öllu, tollum, þóknun til Ó., þungaskattsmæli og öðrum kostnaði við innflutninginn.

Með hliðsjón af þeim upplýsingum sem liggja fyrir er það mat tollstjóra að umræddur bíll hafi verið tollafgreiddur langt undir raunverulegu kaupverði. Kemur þá til skoðunar við hvaða verð skuli miðað. Í tölvupósti frá 27. apríl 2003, sem er frá Ó. til innflytjanda kemur m.a. fram að bíllinn muni kosta 14.150 evrur. Ó. óskaði eftir því að honum yrðu sendar 7.150 evrur í gegnum bankann sinn, en 7.000 evrur skildu sendar í seðlum með DHL hraðsendingu helst sem mest í 500 evru seðlum. Í skýrslutöku hjá sýslumanninum í Stykkishólmi kveðst innflytjandi hafa lagt alla þá fjárhæð sem hér um ræðir, þ.e. 14.150 evrur inn á bankareikning

Ó. Eins og fram er komið yfirheyrðu þýsk tollyfirvöld seljanda bifreiðarinnar, Steffan Wachter. Í hans máli kom fram að hann minnti að umrædd bifreið hefði verið seld fyrir 11.600 evrur, en engin gögn reyndust vera til staðar. Rétt er hins vegar að taka það fram að í máli þessu liggur fyrir afsal vegna sölu á bifreiðinni og þar er verið tilgreint 5.150 evrur sem er í samræmi við fob-verð hennar á aðflutningsskýrslu. Ekki þykir óvarlegt að miða við það að raunverulegt söluverð hafi verið 11.600 evrur í ljósi þessara gagna og upplýsinga sem liggja fyrir. Fob- verð bifreiðarinnar yrði því $(11.600 \cdot 83,25000)$ 965.700 íkr. Tollstjóri hefur því í hyggju að hækka fob- verð bifreiðarinnar úr 5.100 evrum í 11.600 evrur og endurákværða aðflutningsgjöld í samræmi við það.

Tollstjóri veitti innflytjanda kost á að koma sínum sjónarmiðum að. Þar kemur fram að hann (innflytjandi) kveðst hafa rekist á að nefndur Ó. hafi auglýst þjónustu sína í dagblöðum héraendis og á Internetinu. Hafi hann komist í samband við Ó. eftir upplýsingum í slíkri auglýsingu og í framhaldinu hafi komist á samningur þess efnis að hann annaðist kaup og innflutning á húsbíl til Íslands. Innflytjandi tekur fram að hann sé með öllu óvanur innflutningi og af þeirri ástæðu hafi hann keypt þjónustu Ó. Hafi hann farið í einu og öllu eftir fyrirmælum hans og greitt þá fjárhæð sem um var samið, þó hafi hann ekki sent 7000 evrur í seðlum með DHL hraðflutningum, heldur millifært allt kaupverðið á bankareikning Ó. í Lúxemborg. Upplýsingar Ó. um heildarkostnað hafi hins vegar ekki staðist og þurfti innflytjandi að greiða rúmlega 100.000 krónur til viðbótar. Þá tekur innflytjandi fram að Ó. hafi gengið frá öllum pappírurum varðandi innflutning bifreiðarinnar og að hann hafi þar hvergi komið nærri. Að lokum bendir innflytjandi á að Ó. hafi með viðskiptum sínum blekkt sig og tollyfirvöld og nægi í því sambandi að nefna uppgefið kaupverð bílsins sem hann krefði sig um. Mótmælir innflytjandi því fyrirhugaðri endurákvörðun aðflutningsgjalda.

Tollstjóri bendir á að nefndur R. sé innflytjandi á sendingu S HEG 20 05 3 NL RTM W043 og beri því ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda og þeim upplýsingum er fram komi í aðflutningsskýrslu, sbr. 1. mgr. 111. gr. tollalaga nr. 55/1987. Með hliðsjón af þeim gögnum og skýringum er liggja fyrir telur tollstjóri ekki vera tilefni til að falla frá fyrirhuguðum breytingum og koma þær því til framkvæmda með úrskurði þessum. Fob-verð hækkar því úr 5.150 evrum í 11.600 evrur. Tollstjóri ákveður að endurákværða aðflutningsgjöld af sendingunni í samræmi við 5. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987. Þar sem fyrrgreindar sendingar voru upphaflega tollafgreiddar fyrir 1. janúar 2006 gilda tollalög nr. 55/1987 um endurákvörðun aðflutningsgjalda, sbr. gildistökuákvæði nýrra tollalaga nr. 88/2005. Eindagi viðbótarfjárhæðar þegar aðflutningsgjöld eru endurákvörðuð er tollafgreiðsludagur vörusendingar, sbr. 2. mgr. 108. gr. tollalaga nr. 55/1987. Um dráttarvexti fer skv. 3. mgr. 108. gr. tollalaga nr. 55/1987, en þar kemur fram að reikna skuli dráttarvexti á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með eindaga og fram að greiðsludegi. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingar. Vegna tafa sem orðið hafa á afgreiðslu málsins reiknast dráttarvextir einungis til 20. febrúar 2007.

Vangreidd aðflutningsgjöld sundurliðast sem hér segir:

Vörugjald	kr. 245.257
Virðisaukaskattur 24,5%	kr. 193.617
Dráttarvextir 20. febrúar 2007	<u>kr. 372.808</u>
Samtals vangreitt	kr. 811.682

Í kærinni til ríkistollanefndar ítrekar kærandi það sem áður er fram komið í svarbréfi til tollstjóra svo og í lögregluskýrslu dags. 16. mars 2006 um að hann hafi með engum hætti komið að innflutningi Fiat húsbílsins sem mál þetta snýst um, þannig að tollyfirvöld geti með réttu ætlað honum réttarstöðu ábyrgðaraðila skv. 1. mgr. 111. gr. tollalaga nr. 55/1987. Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til auglýsingar Ó. og þess sem fór á milli í tölvupósti milli þeirra þar sem fram kemur að hann Ó. taki að sér að finna bíla fyrir viðskiptavini sína, koma þeim í skip og sjá um tollafgreiðslu og skráningu. Kærandi telur að það að hann hafi látið glepjust til þess að nýta sér þessa auglýstu þjónustu leiði ekki til þess að hann hafi gefið

samþykki sitt fyrir því að bifreiðin yrði flutt inn á hans nafni og á rangfærðum pappírnum. Það hafi verið gert án nokkurs atbeina af hans hálfu í þá veru og telur kærandi það vekja upp spurningu um hvort slíkt samræmist reglum sem tollyfirvöldum beri að starfa eftir.

Kærandi áréttar að hann hafi ekki gefið nefndum Ó. umboð, hvorki munnlega né skriflega til þess að flytja inn þessa bifreið á hans nafni, og hafi ekki haft hugmynd um að það hefði verið gert fyrr en hann var krafinn um aðflutningsgjöld og flutningskostnað. Seljandi bifreiðarinnar hafi alfarið séð um tollafgreiðslu og skráningu bifreiðarinnar eins og hann lofaði í auglýsingunni. Öll skjalagerð vegna innflutningsins hafi verið unnin af honum eða á hans ábyrgð. Einhliða geti hann ekki ákveðið að ég (kærandi) sé innflytjandi bifreiðarinnar og beri ábyrgð sem slíkur skv. tollalögum, enda sé í hinum kærða úrskurði einungis vísað til 1. mgr. 111. gr. Kærandi kveðst ekki hafa átt nein samskipti við tollyfirvöld vegna innflutningsins.

Síðan segir í kærinni;” Ó. hafði ekkert umboð frá mér til að haga kaupum og innflutningi bifreiðarinnar með þeim hætti sem hann gerði. Má í því sambandi nefna kaupsamning um bifreiðina (skjal 6), dags. 05.05.2003 sem seljandi kannast ekki við að hafa undirritað. Ó. undirritar þann samning sem kaupandi, en ég er tilgreindur kaupandi á forsiðu. Í samningnum er kaupverð bifreiðarinnar sagt vera 5.150 € Í tölvupósti til mín, dags. 27. apríl 2003 segir Ó. verð bílsins vera 14.150 € og má því ljóst vera að rangfærslur Ó. gerði hann í eigin þágu. Uppsett kaupverð bifreiðarinnar, 14.150 € greiði ég til Ó. beint.”

Kærandi bendir á að hann hafi greitt fyrir bifreiðina með að öllu meðtöldu, kr.2.100.000,- eins og tilgreint sé skattframtali, það verð sé nálægt markaðsverði sambærilegs bifreiðar héraðs og jafnvel heldur í dýrari kantinum.

Kærandi segir Ó. selja sér bifreiðina á hæsta mögulega verði og til þess að hámarka eigin ávinning rangfæri hann kaupsamning og innflutningspappíra. Á aðflutningsskýrslu, dags. 26. maí 2003 sé hann (kærandi) sagður innflytjandi án samþykkis eða vitundar. Á það skjal ritar sem prókúruhafi (ábyrgðaryfirlýsing) G.. E. T. f.h. R.. Kærandi segir þetta gert án sinnar vitundar og samþykkis og mótmælir því harðlega að bera nokkra ábyrgð á þessari skjalagerð. Hann kveðst með engum hætti hafa samþykkt ólöglega skjalagerð til hagsbóta fyrir Ó. og beri því enga ábyrgð á rangfærslum hans. Kærandi mótmælir því að tollyfirvöld byggi kröfur sínar gagnvart sér á skjölum sem tilkomin eru með þessum hætti.

Kærandi segir að í forsendum hins kærða úrskurðar séu mótmæli sín að engu höfð en þar segi einfaldlega: “Því er til að svara að R. er skráður innflytjandi á þeirri sendingu sem hér um ræðir og ber því ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda og þeim upplýsingum er fram koma í aðflutningsskýrslu, sbr. 1. mgr. 111. gr. tollalaga nr. 55/1987,” Kærandi telur að í hinum tilvitnuðu orðum felist fullyrðing en ekki rökstuðningur því með tilgreindri fullyrðingu sé sveigt hjá því að rökstyðja með hverjum hætti hægt sé að gera kæranda ábyrgan fyrir innflutningnum, þegar skjalagerð hefur verið hagað með þeim hætti sem skýrt hefur verið frá, þ.e. án samþykkis og án hans vitundar. Af þessari ástæðu telur kærandi úrskurðinn ófullnægjandi, bæði hvað varðar form og efni. Hvorki verður ráðið af 111. gr. tollalaga nr. 55/1987, né greinargerð með ákvæðinu að til hafi staðið að stofna til hlutlægrar ábyrgðar þegar málavextir eru með sambærilegum hætti og í þessu tilviki.

Kærandi telur að mótmæli hans hefðu átt að vera tollstjóra tilefni til þess að kanna málið betur þar sem úrskurðurinn er um mjög íþyngjandi ákvörðun. Af gögnum málsins verði ekki séð að framburður Ó. um málavexti hafi verið aflagð. Hann er þó sá aðili sem ætlað er að hafi annast alla skjalagerð varðandi kaup, innflutning og skráningu ökutækisins. Þá verður ekki séð að reynt hafi verið að afla framburðar G.. E. T. sem taldi sig hafa umboð mitt til þess að undirrita aðflutningsskýrslu og ekkert kemur fram um það í málinu hver sá maður er sem veitti bifreiðinni viðtöku eftir tollafgreiðslu og á hvers vegum hann starfaði. Kærandi telur að án þessara upplýsinga verði ekki unnt að leggja hlutlægt mat á málavexti og því hafi tollstjóri tekið ákvörðun í málinu án þess að málið væri nægilega upplýst, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ennfremur telur kærandi að það sé aðfinnsluvert að ekki skyldi aflagð upplýsinga um markaðsverð sambærilegs ökutækis héraðs, en telur að það sé sambærilegt við það verð sem hann greiddi fyrir bifreiðina, kr. 2.100.000.

Að lokum mótmælir kærandi því að honum sé gert að bera ábyrgð á ólögum háttsemi Ó. með þeim hætti sem felist í hinum kærða úrskurði. Kærandi kveðst hafa lagt sig allan fram um góða samvinnu við yfirvöld við rannsókn þessa máls eins og sjá má í gögnum þess. Kærandi kveðst hafa verið fullkomlega grandalaus um háttarlag Ó. og hafi ekki haft neina hugmynd um málavexti og ekki notið neins ávinnings af ólögum háttsemi skjalagerð hans. Kærandi mótmælir því að honum sé gert að bera ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda skv. 1. mgr. 111. gr.

tollalaga nr. 55/1987 eins og byggt er á í hinum kærða úrskurði, en í honum sé ekki vísað til annarra ákvæða laganna.

Kærandi sýnist þannig ljóst að kröfu tollyfirvalda sé beint gegn röngum aðila. Hann krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að honum verði endurgreidd endurákvörðud aðflutningsgjöld sem hann greiddi með fyrirvara. Til vara er þess krafist að allir dráttarvextir verði felldir niður.

Tollstjóra var send kæran til umsagnar sbr. 4. mgr. 118 gr. tollalaga nr. 88/2005 og var veittur frestur til 24. janúar 2008 til að skila inn greinargerð um kærana. Tollstjóri óskað eftir viðbótarfrestum fyrst til 1. febrúar og aftur um frest til 8. febrúar 2008.

Í greinargerð tollstjóra segir m.a. að þar sem ofangreind sending hafi verið tollafgreidd fyrir 1. janúar 2006 gildi tollalög nr. 55/1987 um endurákvörðun aðflutningsgjalda, sbr. gildistökuákvæði nýrra tollalaga nr. 88/2005. Samkvæmt 1. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987 sé tollstjóra heimilt að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, hafi framlögðum gögnum eða þeim upplýsingum, sem látin voru í té við tollafgreiðslu, verið áfátt þannig að ekki var unnt að byggja á þeim rétta álagningu aðflutningsgjalda. Skipti í því sambandi ekki máli hvort innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollafgreiðslu vissi eða mátti vita um réttmæti þessara gagna eða upplýsinga.

Tollstjóri fellst ekki á það sem kærandi heldur fram að hann sé ekki réttur aðili til að krefja um greiðslu vangoldinna aðflutningsgjalda. Kærandi sé skráður innflytjandi á aðflutningsskýrslu og því ábyrgur fyrir greiðslu ofanefndra gjalda skv. 1. mgr. 111. gr. tollalaga nr. 55/1987 þrátt fyrir að hann hafi ekki skrifað sjálfur undir aðflutningsskýrsluna. Hún hafi verið undirrituð fyrir hans hönd.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að það liggi fyrir að samningur var gerður milli kæranda og nefnds Ó. um að Ó. skyldi annast fyrir kæranda kaup og innflutning á húsbíl til Íslands. Við skýrslutöku hjá lögreglunni í Stykkishólmi þann 16.3.2006 komi fram hjá kæranda að í því hafi fallist að Ó. „sæi um allan pakkann“. Kærandi myndi greiða EUR 14.150,00 fyrir húsbílinn og inni í því hafi allur pakkinn átt að vera. Í þessu hafi fallist samkvæmt framburði kæranda að Ó. hafi átt að sjá alfarið um allt það sem snéri að kaupum og innflutningi bifreiðarinnar. Tollstjóri telur að í þessum samningi hafi fallist m.a. umboð skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa en í henni segir að sé maður, samkvæmt samningi við annan mann, í stöðu, er eftir lögum eða venju felur í sér heimild til þess að reka erindi hins innan vissra takmarka, þá telst hann hafa umboð til þess að gera þá löggæringa, sem innan þeirra takmarka eru.

Tollstjóri telur að sú staðreynd að Ó. notaðist ekki við réttar tölur við útfyllingu aðflutningsskýrslunnar breyti engu um þá staðreynd að hann hafði samkvæmt samningnum umboð um að flytja bifreiðina inn í nafni kæranda, sem þess vegna bar ábyrgð á því sem á skýrsluna var skrifað.

Þá segir að í öðru lagi hafi kærandi samþykkt löggjörning þann er Ó. lét gera þegar gerð var aðflutningsskýrsla og hún undirrituð fyrir hönd hans, þegar hann (kærandi) leysti bifreiðina úr tolli og greiddi þau aðflutningsgjöld sem á voru fallin. Löggæringar, sem upphaflega hafa ekki orðið til samkvæmt nægjanlegu umboði, geta öðlast þess háttar gildi síðar með athöfnum umbjóðanda, sbr. umfjöllun á bls. 174 í Samningarétti eftir Pál Sigurðsson. Jafnvel þótt litið yrði svo á að fyrrgreindur samningur fæli ekki í sér umboð fyrir Ó. til þess að gera aðflutningsskýrslu í nafni kæranda þá samþykkti kærandi þann gjörning með því að greiða aðflutningsgjöldin og fá bifreiðina afhenta og veitti með því gjörningi Ó. gildi.

Þá segir að kæranda hafi mátt vera ljóst strax við tollafgreiðslu að tollverðið var ekki rétt samkvæmt aðflutningsskýrslunni, en það var EUR 5.150,00 sem er mun lægri upphæð en sú sem hann hafði greitt Ó. eða EUR 14.150,00. Þess utan hafi kæranda mátt hafa verið ljóst að eitthvað var athugavert við viðskiptin, þar sem Ó. fór fram á það við hann að millifæra aðeins helming upphæðarinnar sem bifreiðin átti að kosta, en vildi fá tæpan helming hennar, eða EUR 7.000,00 sendan til sín í reiðufé með hraðsendingu hjá DHL. Í stað þess að senda þessa upphæð í reiðufé sendi kærandi hana hins vegar með millifærslu sem gerð var í nafni dótturdóttur kæranda, A þann 29. apríl 2003.

Í ljósi ofangreinds er það því álit tollstjóra að fyrir hafi legið umboð Ó. til þeirra löggerna sem nauðsynlegir voru til innflutnings húsbifreiðarinnar, þ.m.t. að flytja hann inn á nafni kæranda. Kærandi sé því innflytjandi og ábyrgur fyrir greiðslu aðflutningsgjalda skv. 1. mgr. 111. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Rétt er að benda á að þar sem talað er um 5. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga í hinum kærða úrskurði tollstjóra dags. 12. nóvember 2007 er að sjálfsögðu aðeins um innsláttarvillu að ræða og átt var við 1. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga. Að öðru leiti vísast til hins kærða úrskurðar.

Með hliðsjón af öllu framansögðu krefst tollstjóri þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Kæranda var send greinargerð tollstjóra til umsagnar með bréfi, dags. 9. janúar 2008. Var honum veittur frestur til 25. s.m. til að skila inn umsögn um greinargerð tollstjóra til nefndarinnar. Kærandi sendi umsögn sína til nefndarinnar þann 23. febrúar 2008. Í umsögninni er því mótmælt sem haldið er fram af hálfu tollstjóra að þar sem hann (kærandi) sé skráður innflytjandi bifreiðarinnar á aðflutningsskýrslu og hún undirrituð fyrir hans hönd þá beri hann ábyrgð á greiðslu endurákvarðaðra aðflutningsgjalda skv. 1. mgr. 111. gr. tollalaga nr. 55/1987. Kærandi mótmælir þessu enn og aftur og telur að tollstjóri hafi ekki uppfyllt rannsóknarskyldu sína áður en hann tók ákvörðun sem byggði á þessari niðurstöðu hans.

Kærandi rifjar upp að hann hafi samið við Ó. um að hann, gegn greiðslu tiltekinna fjárhæðar, fengi afhenta skráða bifreið héraðs. Það hafi aldrei komið til tals að bifreiðin yrði flutt inn á hans nafni og því síður að hann (kærandi) veitti einum eða neinum umboð til nokkurs hlutar varðandi þessi viðskipti. Kæranda er ekki kunnugt um að bifreiðumboðin og aðrir þeir sem í bifreiðainnflutningi standa flytji inn bifreiðar á nafni viðskiptavina sinna nema sérstaklega sé um það samið. Vísun tollstjóra til 2. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1936 um þetta atriði sé úr lausu lofti gripin og órökstudd. Kærandi telur að ekki verði framhjá því litið að hann hafi ítrekað vefengt þetta meinta umboð Ó. og aðstoðarmanna hans, en ekkert liggja fyrir í málinu um afstöðu þeirra og því sé málið engan veginn nægjanlega upplýst til þess að unnt sé að taka svo íþyngjandi ákvörðun. Kærandi vill í þessu sambandi vísa til reglu í 25. gr laga nr. 7/1936 og umfjöllun í XVIII kafla Samningaréttar (útg. 1987) Páls Sigurðssonar, en þar komi fram á bls. 200 að "Sönnunarbyrði um að nægilegt umboð hafi verið fyrir hendi, hvíli á umboðsmanni sjálfum".

Kærandi mótmælir því sem hann segir að fram komi í greinargerð tollstjóra að þó ekki hafi verið fyrir að fara fullnægjandi umboð frá honum (kærandi) þá hafi hann gefið eins konar eftirfarandi samþykki. Kærandi kveðst aldrei hafa sé aðflutningsskýrsluna vegna innflutnings bifreiðarinnar og því síður viti hann hver undirritaði hana. Hann hafi ekki leyst bifreiðina úr tolli. Aðkoma hans að málinu hafi einungis verið sú að hann hafi greitt þær fjárhæðir sem fyrir hann hafi verið lagt.

Kærandi kveðst hafa snúið sér til Ó. á grundvelli þeirrar þjónustu sem hann hafi boðið og er útlistuð í auglýsingu frá honum og liggur sú auglýsing frammi í málinu. Kærandi kveðst ekki hafa sent Ó. reiðufé í hraðsendingu og viðurkennir að honum hafi þótt undarlegt að Ó. vildi fá peningana sendi í nafni annars en mín, en Ó. tjáði kæranda að þetta væri svona vegna atvika er vörðuðu hann sjálfan. Kærandi taldi ekki ástæðu til að láta þetta sig miklu varða.

Kærandi vill láta í ljósi undrun sína á að Ó. og hans aðstoðarmenn skuli geta flutt til landsins bifreið á sínu nafni og leyst hans úr tolli án þess að yfirvöld hafi í höndunum nokkurt samþykki af hans hálfu, hvorki munnlegt né skriflegt. Það hljóti af vera athugunarefni fyrir yfirvöld hvernig slíkt geti gerst.

Að lokum vill kærandi áréttta að hann hafði engan persónulegan ávinning af þessum tilfæringum Ó. . Hann telur að hann hafi greitt fullt gangverð sambærilegra bifreiða héraðs. Það megi því nánast kalla það fáránlegt að halda því fram að innflutningi bifreiðarinnar hafi verið hagað með þeim hætti sem fyrir liggur með mínum vilja eða á mína ábyrgð. Kærandi heldur því fram að það standist ekki ákvæði stjónsýslulaga að afgreiða þetta mál með svo íþyngjandi ákvörðun án þess að afstaða meints umboðsmanns eða umboðsmanna komi fram.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og nefndarmenn hafa kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Kærandi kærir endurákvörðun tollstjóra sem birt var í úrskurði 50/2007, en þar eru endurákvörðuð aðflutningsgjöld af húsbifreiðinni UA-323 sem er af gerðinni Fiat Ducato 290, árgerð 1991, sem flutt var til landsins í sendingu S HEG 20 05 3 NL RTM W043 og tollafgreidd í Hafnarfirði. Kærandi gerir kröfu um að úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi og að honum verði endurgreidd endurákvörðuð aðflutningsgjöld en til vara að dráttarvextir verði felldir niður.

Við endurskoðun hjá tollstjóra þótti viðskiptaverð bifreiðarinnar ekki trúverðugt. Var haft samband við þýsk tollyfirvöld sem yfirheyrðu seljanda bifreiðarinnar Steffen Wachter. Í framburði hans kom fram að hann minnti að hafa selt bifreiðina á 11.600 evrur, en á ekki gögn yfir söluna. Við endurákvörðun sína notar tollstjóri þá upphæð þ.e. 11.600 evrur.

Óumdeilt er að kærandi greiddi til þess aðila sem hann keypti bifreiðina af 14.150 evrur og hefur gögn sem sýna fram á að hann hafi yfirfært þá upphæð til seljanda bifreiðarinnar og/eða aðila er tengjast honum. Á kaupsamningi sem framvísað var við tollyfirvöld þegar bifreiðin var tollafgreidd er innkaupsverð hennar tilgreint 5.150 evrur. Undir þann kaupsamning rita Steffen Wachter og Ó. Á aðflutningskýrslu er kærandi tilgreindur sem innflytjandi en undir tollskjölin er skrifað fyrir hans hönd án þess að fyrir liggi skriflegt umboð frá honum þar um. Undirskriftin er ógreinileg en líklega er nafnið " Guðmundur E. Tryggvason".

Kærandi hefur alfarið neitað því að hann hafi gefið umboð til að nafn hans væri notað við tollafgreiðslu bifreiðarinnar. Að mati nefndarmanna hafa tollyfirvöld ekki sýnt fram á að svo hafi verið. Því verður að líta svo á að sá aðili sem undirritar tollskýrslu fyrir hönd kæranda hafi ekki haft lögformlegt leyfi til að skuldbinda kæranda enda undirskriftin gerð í óleyfi hans. Því er að mati nefndarmanna ekki hægt að líta svo á að kærandinn R. sé innflytjandi bifreiðarinnar UA-323 í skilningi tollalaga. Ef sá aðili sem tilgreindur er innflytjandi á tollskýrslu skrifar ekki undir hana verður að leggja fram skriflegt umboð hans um að nafn hans verði notað sem slíkt, eða að slík heimild leiði af stöðumboði. Hvorugu er til að dreifa hér. Í 2. mgr. 16. gr. laga nr. 55/1987 segir: "Innflytjandi, eigandi eða annar aðili, sem afhendir tollstjóra skriflega aðflutningskýrslu eða veitir upplýsingar með öðrum hætti vegna tollafgreiðslu vöru, ber ábyrgð á því að þær upplýsingar séu réttar. Sama gildir um hvern þann sem kemur fram gagnvart tollstjóra fyrir hönd aðila sem um ræðir í þessari grein." Almenna reglan er sú samkvæmt gagnályktun frá 1.mgr. 10. gr. sml. nr 7/1936 með áorðnum breytingum að aðili sem kemur fram sem umboðsmaður án þess að hafa til þess umboð skuldbindur ekki meintan umbjóðanda, en er bundinn sjálfur persónulega.

Í kaupsamningi (Kaufvertrag über eingebrauchtes Kraftfahrzeug) er kærandi tilgreindur sem kaupandi bifreiðarinnar. Undir þennan samning ritar Ó. án þess að fyrir liggi umboð kæranda. Seljandi er Steffen Wachter. Verð bifreiðarinnar er tilgreint 5.150 evrur í þessum samningi. Í málatilbúnaði tollstjóra er því haldið fram að það að kærandi hafi við skýrslutöku sagt að Ó. „sæi um allan pakkann“ gegn greiðslu 14.150,00 evra fyrir húsbílinn. Tollstjóri telur að í þessu orðalagi felist samningur og þar með umboð, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, frá kæranda til Ó. þ.m.t. til að flytja bifreiðina til landsins á nafni kæranda. Nefndarmenn eru ekki sammála þessari niðurstöðu tollstjóra. Ekki liggur fyrir formlegt umboð frá kæranda til Ó. um heimild til að undirrita kaupsamning fyrir hans hönd. Ekki verður annað séð af þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir ríkistollanefnd en að kærandi hafi keypt bifreiðina af Ó. og að Ó. hafi séð um kaup á henni erlendis og maður á hans vegum tollafgreitt hana hér á nafni kæranda að honum forspurðum. Með hliðsjón af þessari atburðarás er það álit nefndarmanna að sú staðhæfing tollstjóra að umboð til handa Ó. skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð frá kæranda fái ekki staðist.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra er verð bifreiðarinnar ákvarðað 11.600 evrur. Er sú upphæð þannig til komin að seljandi bifreiðarinnar í Þýskalandi tjáði tollyfirvöldum að hann minnti að hann hafa selt bifreiðina á þessu verði. Engin gögn styðja þennan framburð seljandans. Í fjölmörgum úrskurðum ríkistollanefndar þar sem deilt hefur verið um tollverð hefur verið lögð á það rík áhersla að tollverð innfluttrar vöru er viðskiptaverðið, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna. Fyrir liggur kaupsamningur um kaup á bifreiðinni og hljóðar hann upp á 5.159 evrur. Tollstjóri segir það verð vera ótrúverðugt en leggur ekki fram gögn sem styðja þá niðurstöðu, s.s. verðskrár, upplýsingar úr DAT eða önnur gögn sem varpað gætu ljósi á verð sams konar bifreiðar og hér er deilt um verð á. Verð notaðra bifreiða

fer t.d að miklu leyti eftir aldri hennar, í hvaða ástandi hún er og hve mikið henni hefur verið ekið og haldið við þegar kaup eiga sér stað. Á aðflutningsskýrslu yfir þá bifreið sem hér er til umfjöllunar var við innflutning ritað á tollskýrsluna “ Skoðað. Beyglur víða á bílnum” þá er tilgreindur akstur 110.593 km. Þetta bendir til þess að ástand bifreiðarinnar hafi ekki verið eins og best verður á kosið og hlýtur verð hennar að ráðast að hluta til af því. Nefndarmönnum þykir tollstjóri ekki hafa fært sönnur á að verð þessarar bifreiðar hafi verið ótrúverðugt við innflutning hennar.

Þá taka nefndarmenn undir þá skoðun sem fram kemur í kæru og greinargerð kæranda að rannsókn tollstjóra á málinu sé að hluta til ábótavant. Aðili sá sem skrifar undir skýrsluna fyrir hönd innflytjanda, að honum forspurðum, er ekki kallaður til og spurður út í sinn þátt í málinu. Sönnunarbyrðin um að hann hafi haft lögformlegt umboð til að skuldbinda kæranda hvílir á þeim sem undirritaði skýrsluna, þ.e. umboðsmanni sjálfum sbr. 25. gr. laga nr. 7/1936. Þá eru það mistök hjá tollstjóra, að taka við skýrslu í nafni kæranda sem er undirrituð af öðrum aðila án þess að hann leggi fram umboð eða sýni fram á stöðuumboð. Nefndarmenn telja að þessum þætti rannsóknar tollstjóra í málinu sé ábótavant. Það vekur vissulega upp spurningar um grandsemi kæranda þegar hann er beðinn af Ó. um að senda hluta af greiðslu í peningaseðlum með DHL þjónustu. Þetta gerir hann reyndar ekki heldur leggur umbeðna fjárhæð inn á reikning Ó. á nafni ættingja síns. Grundvallaratriðið í máli þessu er hins vegar það að kærandi greiðir uppsett verð fyrir bifreiðina og án þess að gefa Ólafi formlegt umboð til að kaupa eða flytja inn bifreiðina í nafni kæranda. Hann getur því að mati ríkistollanefndar hvorki borið ábyrgð á viðskiptum Ó. við hinn erlenda seljanda bifreiðarinnar né við tollyfirvöld. Kröfur tollyfirvalda, virðast m.v. fyrirliggjandi gögn, þurfa að beinast gegn þeim aðila sem annaðist innflutning og skrifaði undir tollskýrsluna.

Með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 er hinn kærði úrskurður tollstjóra nr. 50/2007 um endurákvörðun aðflutningsgjalda af húsbifreið sem flutt var til landsins í sendingu HEG 20 05 3 NL RTM W043 og tollafgreidd þann 28. 2003 felldur úr gildi.